

Samningar um vinnustaðanám undirritaðir



Frá undirritun samningsins í Þjóðmenningarhúsi. F.v. Gylfi Einarsson, Fræðslumiðstöð málmíðnaðarins, Ingi Rafn Ólafsson, Prenttæknistofnun, Ólafur Jónsson, Fræðsluráði hotel- og matvælagreina, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra, Birgir G. Magnússon, Viðskiptaháskólanum á Bifröst og Birna Ólafsdóttir, Sjúkraliðafélagi Íslands

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra, undirritaði þann 16. mars sl. samninga við fimm fræðsluaðila um þátttöku þeirra í tilraun um vinnustaðanám. Tilraunin byggist á ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá desember 2002 og er tilgangur hennar að leiða í ljós hvort vinnustaðanám, skipulagt með ákveðnum hætti, sé heppilegur valkostur við núverandi fyrirkomulag.

Í ávarpi sem ráðherra flutti í tengslum við undirritunina sagði hún meðal annars: „Í menntamálaráðuneytinu eru bundnar miklar vonir við þá tilraun sem hér fer af stað og væntum við góðs af samstarfinu við alla þá sem taka þátt. Fari svo að niðurstaðan af tilrauninni verði jákvæð gæti það orðið til þess að breyta til frambúðar, jafnt tilhögun starfsnáms á Íslandi, gæðum þess og

stöðu í íslensku menntakerfi.“

Samkvæmt ákvæðum [framhaldsskólalaga](#) fer starfsnám bæði fram í skóla og á vinnustað eða eingöngu í skóla. Löggin kveða einnig á um gerð námskrár fyrir allt nám á framhaldsskólastigi. Hingað til hefur ekki verið hugað sérstaklega að inntaki vinnustaðanáms, en með tilrauninni verður breyting þar á. Ritaðar hafa verið lýsingar fyrir vinnustaðanám í allmörgum greinum og verður leitast við að fylgja þeim í starfsnámi fyrir sex greinar: hársnyrtið, kjötið, prentsmíð, sjúkraliðanám, starfsnám fyrir verslunarstjóra og vélvirkjun. Valin verða 18 fyrirtæki til þátttöku í tilrauninni og munu þau fá sérstaka greiðslu fyrir að fylgja lýsingu á vinnustaðanámi markvisst eftir í kennslu nemenda á vinnustað. Tilraunin stendur yfir næstu tvö árin og verði árangur af henni góður má ætla að hugað verði að breytingum á núverandi fyrirkomulagi vinnustaðanáms. Sérstökum starfshópi hefur verið falið að gera tillögu um framtíðarfyrirkomulag vinnustaðanáms, fjnámögnunarleiðir og skiptingu kostnaðar.

Þeir fræðsluaðilar sem taka þátt í tilrauninni eru: [Fræðslumiðstöð málmíðnaðarins](#), [Fræðsluráð hotel- og matvælagreina](#), [Prenttæknistofnun](#), [Sjúkraliðafélag Íslands](#) og [Viðskiptaháskólinn á Bifröst](#) og undirrituðu fulltrúar þeirra samninginn ásamt menntamálaráðherra.

Alþjóðleg ráðstefna - Sköpunarkraftur og tækni

Alþjóðleg ráðstefna um sköpunarkraft og tækni ([Rethinking the interface between human creativity and technology](#))



verður haldin í Reykjavík dagana 20. -23 mars nk. Ráðstefnan er haldin í tilefni af formennsku Íslendinga í [Norrænu ráðherranefndinni](#) og er styrkt af henni og menntamálaráðuneyti. Ian Dent frá félagsvísinda- og stjórnmáladeild [Cambridgeháskóla](#) hefur haft veg og vanda af skipulagningu ráðstefnunnar og ýmsum viðburðum sem henni tengjast.

Skapa tengsl fræðimanna og listamanna

Markmiðið er að skapa tengsl milli fræðimanna, tölvunarfræðinga og ungra skapandi listamanna svo þeir geti skipst á hugmyndum um möguleika stafrænnar tækni. Þverfaglegir vinnuhópar verða að

störfum víðs vegar um borgina, svo sem í [Listaháskóla Íslands](#), listamiðstöðinni Klink og Bank og [Nýlistasafninu](#).

Skipuleggjendur ráðstefnunnar gera ráð fyrir að allt að fimm hundruð manns komi að viðburðum og vinnuhópum þá daga sem ráðstefnan stendur yfir - þar af hátt í hundruð erlendir gestir. Ráðstefnan verður sett í [Listasafni Reykjavíkur](#) laugardaginn 20. mars og lýkur í Bláa lóninu þann 23. mars. Fræðimenn munu halda fyrirlestra á Nordica-hótel, uppákomur verða við Hlemm og sýningin *Manufacture* verður opnuð í Nýlistasafninu. Á sýningunni í Nýlistasafninu verða sköpun og tækni skoðuð og kortlögð. Að verkefnum stendur alþjóðlegur hópur undir forystu Hönnu Styrnisdóttur, sem hefur átt samstarf í vetur við Listaakdemíuna í Malmö.

Meðal fyrirlesara á ráðstefnunni eru dr. Niels Ole Finnemann Nielsen frá [háskólanum í Árósum](#), dr. Torben Nielsen frá [háskólanum í Osló](#) og dr. Helena

Wulff frá [háskólanum í Stokkhólmi](#). Frekari upplýsingar um ráðstefnuna og viðburði henni er að finna á vefnum [www.creativityandtechnology.org](#)

Styrkir til námsefnisgerðar í bóklegum og verklegum námsgreinum

Menntamálaráðuneytið hefur úthlutað styrkjum af fjárlögum ársins 2004 til námsefnisgerðar í bóklegum og verklegum námsgreinum á framhaldsskólastigi. Alls bárust 96 umsóknir um styrkina að undangenginni auglýsingu. Samanlagðar fjárbeiðnir voru um 76 millj. króna en til ráðstöfunar voru kr. 18.9 milljónir. Að fengnum tillögum nefndar sem metur umsóknir og gerir tillögur um úthlutun var ákveðið að veita styrki til 70 verkefna. Nánari upplýsingar um styrkþegana er að finna á [vef ráðuneytisins](#).

